

**Sp.**

**850. Þingsályktun**

[145. mál]

um endurskoðun laga um iðju og iðnað.

(Afgreidd frá Sp. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 79 15. ágúst 1971, og leggja frumvarp til nýrra iðnaðarlaga fyrir næsta regluglegt Alþingi.

Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd. Skulu fimm nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags ísl. iðnrekenda, Landsambands iðnaðarmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Landsambands iðnaðarfólks og samtaka iðnsveina. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar.